

# Fasteignagjöld 2020



Borgarstjórnin í Reykjavík, 25. janúar 2020.

Álagningar- og breytingarseðlar fasteignagjalda í Reykjavík 2020 verða birtir á vefsíðunni [island.is](http://island.is) og á Rafrænni Reykjavík á næstu dögum. Álagningar- og breytingarseðlar eru ekki sendir í pósti í samræmi við breytingu sem gerð var á lögum nr. 4/1995 sem tók gildi 1. janúar 2019, en þá er sveitarstjórn heimilt að senda tilkynningu um álagningu fasteignaskatts rafrænt.

Fasteignagjöldin verða innheimt í gegnum netbanka þar sem jafnframt er hægt að prenta út greiðsluseðil. Greiðsluseðlar verða ekki sendir út en hægt er að óska eftir heimsendum greiðsluseðlum á mínum síðum á [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is) eða í gegnum þjónustuver Reykjavíkurborgar í síma 411 1111.

Fjármála- og áhættustýringarsvið Reykjavíkurborgar annast álagningu og innheimtu á fasteignaskatti, lóðaleigu og sorphirðugjaldi.

Fasteignagjöld ársins 2020, yfir 25.000 kr., greiðast með níu jöfnum greiðslum á **1. febrúar, 2. mars, 4. apríl, 3. maí, 1. júní, 5. júlí, 2. ágúst, 1. september og 3. október.**

Gjaldldagi fasteignagjalda undir 25.000 kr. er 1. febrúar.

Tekjulágir elli- og örorkulífeyrisþegar, sem fengu afslátt af fasteignaskatti og fráveitugjaldi sem greitt er til Orkuveitu Reykjavíkur á síðastliðnu ári, fá einnig að óbreyttu afslátt af fasteignaskatti og fráveitugjaldi fyrir árið 2020 að teknu tilliti til tekjuviðmiða. Eftir yfirferð Ríkisskattstjóra á skattframtölum elli- og örorkulífeyrisþega, framkvæmir Fjármála- og áhættustýringarsvið breytingar á fasteignaskatti og fráveitugjaldi. *Það þarf því ekki að sækja sérstaklega um afslátt þessara gjalda.* Við álagningu fasteignagjalda í janúar verður afsláttur elli- og örorkulífeyrisþega til bráðabirgða miðaður við tekjur ársins 2018. Þegar álagning vegna tekna ársins 2019 liggur fyrir í júní 2020, verður afslátturinn endanlega ákvarðaður og verða þá allar breytingar tilkynntar bréflaga seinnipartinn í október.

Skilyrði afsláttar eru að viðkomandi sé elli- eða örorkulífeyrisþegi, sé þinglýstur eigandi fasteignar, eigi þar lögheimili og geti átt rétt á vaxtabótum vegna hennar skv. B-lið 68. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt og eignaskatt.

Einungis er veittur afsláttur vegna íbúðarhúsnæðis til eigin nota.

Borgarráð hefur ákveðið að tekjumörk elli- og örorkulífeyrisþega vegna afsláttar fasteignaskatts og fráveitugjalds á árinu 2020 verði eftirfarandi:

<b>100% afsláttur:</b>	Einstaklingur með tekjur allt að 4.240.000 kr.
A100	Samskattaðir einstaklingar með tekjur allt að 5.920.000 kr.
<b>80% afsláttur:</b>	Einstaklingur með tekjur á bilinu 4.240.000 til 4.860.000 kr.
A80	Samskattaðir einstaklingar með tekjur á bilinu 5.920.000 til 6.570.000 kr.
<b>50% afsláttur:</b>	Einstaklingur með tekjur á bilinu 4.860.000 til 5.650.000 kr.
A50	Samskattaðir einstaklingar með tekjur á bilinu 6.570.000 til 7.850.000 kr.

*Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar*, Borgartúni 12-14, veitir allar upplýsingar varðandi álagningu og breytingar á gjaldi fyrir meðhöndlun úrgangs í síma 411 1111. Einnig má leita upplýsinga með tölvupósti á netfangið [sorphirda@reykjavik.is](mailto:sorphirda@reykjavik.is).

*Fjármála- og áhættustýringarsvið Reykjavíkurborgar*, Höfðatorgi, Borgartúni 12-14, veitir upplýsingar varðandi álagningu fasteignaskatts og lóðarleigu og breytingar á þeim í síma 411 1111. Einnig má leita upplýsinga með tölvupósti á netfangið [fasteignagjold@reykjavik.is](mailto:fasteignagjold@reykjavik.is).

Hægt er að leita upplýsinga um ofangreind atriði á heimasíðu Reykjavíkurborgar: [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is)



Reykjavíkurborg

[www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is)